

The Power of Reading

Eistland 22.nóvember – 26.nóvember 2021

Nú í nóvember s.l. fóru þrjú kennarar úr Arnarsmára til Eistlands vegna Erasmus verkefnisins sem skólinn tekur þátt í. Dagarnir í Eistlandi voru nýttir í umræður og kynningu á því sem búið er að gera og rædd voru næstu skref í verkefninu. Kennarar úr öllum skólunum kynntu niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal foreldra og kennara. Einnig kynntu kennarar hinna skólana það sem þeir höfðu lært og gert eftir fundinn sem kennarar Arnarsmára sáu um á netinu í febrúar s.l. varðandi samræðulestur. Kennarar fengu að skoða leikskóla og grunnskóla og fengu að kynna því hvernig staðið er að kennslu þar varðandi læsi. Sérhæfing Eistlands í verkefninu er að kynna hugmyndir varðandi það að nota tækni til að kenna börnum læsi á marga vegu t.d. með því að nota; vélmenni, nettól, tölvur, spjaldtölvur eða myndavélar, stafræna frásagnarlist, lestrarleiki o.fl. Í því sambandi fórum við í Háskólann í Tallinn og fengum fyrirlestur um hvernig hægt sé að nota ýmsa tækni með nemendum í skólastofunni.

Einnig fengum við að heimsækja bókasafn/miðstöð læsis þar sem okkur voru kynntar aðferðir til að auka áhuga barna á lestri bóka. Við í Arnarsmára lærðum heilmargt í þessari ferð sem við eigum eftir nýta okkur í starfi með börnunum.

Næsti fundur verkefnisins verður haldinn á Ítalíu í mars og fara þrjú kennarar frá Arnarsmára á þann fund.